# AUSTURBYGGÐ / FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR




Deiliskipulag við Hlíðargötu 58, mkv. 1:1000

## DEILISKIPULAG HLÍÐARGÖTU 58

Á deiliskipulagsreitnum er starfræktur grunnskóli. Fyrirhugað er að byggja við skólann og færa starfsemi leik- og tónlistarskóla undir sama þak og einnig almenningsbókasafn. Deiliskipulag þetta er til þess gert að unnt verði að framkvæma áðurnefndar breytingar.

Á lóðinni eru engar skráðar fornminjar

Landhalli á lóðinni, sem hallar til suðurs, er mikill. Það þarf að hafa í huga þegar nýbygging er hæðarsett og lóð er hönnuð, enda skulu hvorutveggja falla vel að landinu. Sérstaklega þarf að vanda til hönnunar aðkomu bíla og gangandi vegfarenda. Um lóðina renna lækir, sem tryggja þarf að séu hvorki hættulegir börnum né skaðlegir byggingum á lóðinni.

Viðbyggingin, einnar hæðar og vænglaga verður reist norðan við núverandi skólabyggingu og myndar skjól fyrir norðanáttum. Í henni er m.a. gert ráð fyrir leikskóla, eldhúsi, tónlistarskóla, aðstöðu fyrir starfsmenn, skrifstofur og bókasafni. Á gamla skólanum eru tvær útbyggingar sem snúa í norður og verður bilið á milli þeirra nýtt undir samkomusal skólamiðstöðvarinnar. Í gömlu byggingunni verða skólastofur. Undir þaki gamla skólans er rými sem nýtt verður fyrir félagsstarf nemenda.

Byggingarreitur er sýndur á þessum uppdrætti og skal bygging vera innan hans.

Aðkoma bíla að skólalóðinni verður um Hlíðargötu. Einbreið þjónustugata, samhliða Hlíðargötu, liggur sunnan við skólann og verður keyrt eftir henni inn að afleggjaranum við heilsugæsluna þar sem aftur er beygt út á Hlíðargötu. Bílastæði verða á sitthvora hönd þjónustugötunnar.

Núverandi bygging rís hæst 44,60m yfir sjávarmál. Ný viðbygging má rísa mest 200cm yfir þeirri hæð. Gólfkóti í núverandi inngang er 35,50m yfir sjávarmáli. Gólfkóti í væntanlegri viðbyggingu má hæst standa 125cm hærra en áðurnefndur gólfkóti.

Núverandi skólabygging er tveggja hæða með risi. Hver hæð er 665m² eða 1330m² alls auk þakhæðar sem er 385m². Viðbyggingin og stækkun verður allt að 2200m².
Heildar byggingarmagn á lóð verði allt að 4350m².
Leyfilegt nýtingarhlutfall hámark 0,2.




SKÝRINGAR:

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Byggingarreitur
- Þegar byggt hús
- Lóðanúmer
- Bílastæði
- A- snjóflóðahættumat sbr. reglugerð 505/2000
- B- snjóflóðahættumat sbr. reglugerð 505/2000
- C- snjóflóðahættumat sbr. reglugerð 505/2000

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur málsmeðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br., var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Austurbyggðar_______________ 2006.
og í sveitarstjórn Austurbyggðar _________________2006.

F.h. Austurbyggðar

Deiliskipulagsbreyting dags. 20.02.2006

Zeppelin arkitektar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær